Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# 8. bekkur

## Skólanámskrá Víðistaðaskóla
## Námssvið og námsgreinar



Skólaárið 2022 - 2023

Skólanámskrá Víðistaðaskóla.
Útgefin 2022.
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf) og birt á heimasíðu skóla.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Hrönn Bergþórsdóttir (skólastjóri Víðistaðaskóla)

**Útgefandi**: Víðistaðaskóli (Hafnarfjarðarbær)
Hrauntunga 7
220 Hafnarfjörður

netfang: vidistadaskoli@vidistadaskoli.is
veffang: http://www.vidistadaskoli.is

# Efnisyfirlit


I. Skólastarf 8. bekkjar ..... 5

I.1. Samantekt kennslu í 8. bekk ..... 6

I.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 8. bekk ..... 7

I.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 8. bekk ..... 8

I.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf. ..... 8

I.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi ..... 8

II. Námssvið og námsgreinar ..... 10

Lykilhæfni ..... 11

1. Íslenska ..... 13

1.1. Talað mál, hlustun og áhorf ..... 15

1.2. Lestur og bókmenntir ..... 16

1.3. Ritun ..... 17

1.4. Málfræði ..... 18

2. Erlend tungumál ..... 20

2.1. Enska ..... 21

2.2. Danska ..... 24

3. List- og verkgreinar ..... 27

A. hluti - listgreinar: ..... 28

3.1. Myndmennt / Listir og sköpun ..... 28

3.2. tónmennt ..... 29

B. hluti - verkgreinar: ..... 30

3.3. Heimilisfræði ..... 30

3.4. Hönnun og smíði ..... 31

3.5. Textílmennt ..... 33

4. Náttúrugreinar ..... 34

4.0. Náttúrufræði ..... 37

5. Samfélagsgreinar ..... 39

5.1. Jafnrétti og lífsleikni ..... 41

5.2. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði ..... 42

6. Skólaíþróttir ........ 44
6.1. Íþróttir ........ 47
6.2. Sund ........ 48
7. Stærðfræði ........ 50
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði ........ 53
7.2. Tölur, reikningur og algebra ........ 55
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi ........ 56
8. Valgreinar ........ 58
Lokaorð ........ 61

# I. Skólastarf 8. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu. Unnið er samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Í skólanámskrá eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar á mati á námshæfni nemanda í lok árgangs.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:
1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum

## 1.1. Samantekt kennslu í 8. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 6 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 4<br>4 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sjónlistir (myndmennt/ listir og sköpun)<br>3.2. Tónlist<br><br>*B Verkgreinar:*<br>3.3. Heimilisfræði<br>3.4. Hönnun og smíði<br>3.5. Textílmennt | 2<br><br><br><br>2 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.1. Eðlis- og efnavísindi<br>4.2. Jarð- og stjörnufræði<br>4.3. Lífvísindi<br>4.4. Umhverfismennt | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði<br>6.4. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 5 |
| 7. Stærðfræði | 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Val | 8. Valgreinar | 2 |
| Alls | | 37 |

## I.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 8. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

| Grunnþáttur menntunar | Áhersluatriði |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* | • Hjálpa nemendum að fá rétta og jákvæða sjálfsmynd<br>• Heilbrigt matarræði<br>• Heilbrigðar svefnvenjur<br>• Stuðla að hreyfingu t.d. með verkefninu Gengið í skólann |
| *JAFNRÉTTI:* | • Nám við hæfi hvers nemanda<br>• Fjölgreindarleikar<br>• Bæði kyn í nemendaráði |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* | • Auka umhyggju fyrir umhverfi, fólki og dýrum<br>• Taka ákvarðanir út frá upplýsingum<br>• Vinna í hóp<br>• Kjósa í nemendaráð.<br>• Halda bekkjarfundi<br>• Geta valið sér fög eftir áhugasviði |
| *LÆSI:* | • Læra að lesa einfalda texta.<br>• Þjálfist í að skilja texta.<br>• Nota mismunandi fræðitexta til að læra.<br>• Þjálfist í miðlalæsi (sjónvarp, tölvur og net).<br>• Sækja sér upplýsingar á mismunandi formi<br>Koma hugsunum sínum á framfæri á aðgengilegan hátt |
| *SJÁLFBÆRNI:* | • Vinna með hugtakið sjálfbærni<br>• Hringrás efna og mikilvægi sjálfbærrar þróunar til að viðhalda lífi á jörðinni<br>• Skoðun umhverfismála á heimsvísu<br>• Grænfáninn, flokka og endurvinna, endurnýta, passa upp á orkuna, vinna úti með umhverfið.<br>• Upplifa og skoða umhverfið |
| *SKÖPUN:* | • Að nemendur geti útfært hugsanir sínar og komið þeim á framfæri með ýmsum miðlum.<br>• Samþætting námsgreina í þemaverkefni um árið 1918<br>• Jólaleikrit |

## I.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 8. bekk

***i. Kennsluaðstæður***
*Námsgreinar eru kenndar í stofum viðkomandi kennara. Fyrirlestrasalur er notaður þegar árgangurinn er saman eða þegar gestafyrirlesari kemur. Nemendur vinna einstaklingsvinnu, paravinnu og hópvinnu.*

***ii. Kennsluáætlanir***
*Kennsluáætlanir er að finna á heimasíðu skólans www.vidistadaskoli.is. Símat fer fram allt skólaárið.*

***iii. Náms- og kennslugögn***
*Kennslubækur, ritföng og önnur skólagögn eru nemendum að kostnaðarlausu.*

| | |
|---|---|
| Námsbækur og almenn kennslugögn skóla: | • Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).<br>• Aðgangur að tölvum, spjöldum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum. |
| Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma: | • Nemendur fá þau ritföng sem þarf til starfsins í upphafi skólaárs. Hver nemandi ber ábyrgð á því sem hann fær afhent. |

## I.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Foreldrar fengu rafræna haustkynningu í september og skólastarf vetrar kynnt. Í október og febrúar eru foreldrar/forráðmenn boðaðir í foreldrasamráð (viðtal), ásamt barni þeirra.
Á hverjum föstudegi fá foreldrar póst um ástundun nemanda.
Heimanám er aðgengilegt í Mentor og upplýsingar um námsmat eru birtar í Mentor jafnóðum yfir skólaárið.
Bekkjartenglar eru fyrir hvern bekk og sjá þeir um aðrar uppákomur bekkjarins.

## I.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. ***Leiðsagnarmat***.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendur að ná árangri. Í þessum árgangi er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Símat – þar sem vinna nemenda er reglulega metin útfrá gefnum markmiðum.
- Kaflapróf
- Verkefni metin
- Heimavinna

b. ***Stöðumat***.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

*b.* ***Lokamat***:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn fyrir frammistöðu sína.

# II. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í sjö skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

## Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

### a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

| **Lykilþættirnir fimm** | **Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt.**<br>Við lok skólaárs geti nemandi: | **A** | **B** | **C** |
|---|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | • tjáð hugsanir sínar, hugmyndir, upplýsingar og tilfinningar á skipulegan hátt með ýmsum miðlum<br>• myndað sér skoðun og tjáð sig um hinar ýmsu upplýsingar og hugmyndir í skoðanaskiptum<br>• notað hugtök sem tengjast umfjöllun og tjáð sig í skýru máli<br>• notað fjölbreyttar aðferðir í kynningum og sýnt vandvirkni við að miðla þekkingu sinni<br>• talað fyrir framan hóp um málefni, útskýrt og sagt frá | **Af öryggi** myndað og tjáð eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað **vel** hugtök sem tengjast námi og tjáð sig **skýrt** með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig **mjög vel** um valin málefni. | Myndað og tjáð **vel** eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað hugtök sem tengjast námi og tjáð sig með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig **vel** um valin málefni. | Myndað og tjáð **nokkuð** eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað **að einhverju marki** hugtök sem tengjast námi og stundum tjáð sig með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð **sig að nokkru leyti** um valin málefni. |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | • spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistök og úrvinnslu verkefna<br>• sett sér viðmið með leiðsögn sem eru raunhæf til árangurs<br>• notað skapandi leiðir við lausn verkefna og að mistök geta leitt til nýrra lausna<br>• gagnrýnt gefnar upplýsingar með rökum<br>• fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni og kynnt öðrum | **Af öryggi** spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistök og úrlausn verkefna á skapandi hátt. Sett sér viðmið til árangurs og leitað nýrra lausna. Gagnrýnt **vel** gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni. | Spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistök og úrlausn verkefna á skapandi hátt. Sett sér viðmið til árangurs með leiðsögn og leitað nýrra lausna. Gagnrýnt gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni. | Spurt spurninga og **að einhverju leyti** notað mismunandi leiðir við efnistök og úrlausn verkefna. Sett sér viðmið til árangurs með **nokkurri** leiðsögn og leitað lausna. Gagnrýnt gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni **að einhverju leyti**. |

| **Lykilþættirnir fimm, frh.** | **Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt.**<br>Við lok skólaárs geti nemandi: | **A** | **B** | **C** |
|---|---|---|---|---|
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | • skilið mikilvægi sjálfstæðra vinnubragða og frumkvæðis í námi<br>• gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum og beitir þeim í námi og starfi samhliða því að rækta jákvæða sjálfsmynd<br>• unnið í hóp og tekið þátt í samskiptum við aðra í námi og félagsstarfi<br>• verið virkur og fengið aðra til samstarfs<br>• skilið hvað felist í að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi<br>• tekið gagnrýni og gefið uppbyggjandi gagnrýni | Beitt **vel** sterkum hliðum sínum í námi og sýnt sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið **mjög vel** í hópi, verið virkur í samstarfi og virkjað aðra til samvinnu. Verið **vel** meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið uppbyggjandi gagnrýni. | Beitt sterkum hliðum sínum í námi og sýnt sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið **vel** í hópi, verið virkur í samstarfi og virkjað aðra til samvinnu. Verið meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið uppbyggjandi gagnrýni. | Beitt **að nokkru** sterkum hliðum sínum í námi og sýnt **að vissu marki** sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið **nokkuð vel** í hópi. **Nokkuð** meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið **að vissu marki** uppbyggjandi gagnrýni. |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | • tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar sem nýttar eru í námi<br>• gert sér grein fyrir hvaða miðill hentar við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda í námi sínu<br>• skilið hvað felist í siðferðislegri ábyrgð í notkun miðla og nefnt dæmi um slíkt | Tamið sér **mikla** gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi og gert sér **vel** grein fyrir hvaða miðlill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla og nefnt góð dæmi um slíkt. | Tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi og gert sér grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla og nefnt dæmi um slíkt. | Tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi sér **að vissu marki** og gert grein fyrir hvaða miðlill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla. |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | • gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum og hvernig þær hafa áhrif á sjálfsmynd manns<br>• skilið tilgang markmiða og lagt fram vinnuferli til að fylgja þeim eftir<br>• fylgt eftir hæfniviðmiði frá upphafi til enda með leiðsögn | Gert sér **vel** grein fyrir sterkum hliðum sínum, skilið **vel** tilgang námsmarkmiða og lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi frá upphafi til enda. | Gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum, skilið tilgang námsmarkmiða og lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi með leiðsögn frá upphafi til enda. | Gert sér **að einhverju leyti** grein fyrir sterkum hliðum sínum og **stundum** skilið tilgang námsmarkmiða. Lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi með leiðsögn **að einhverju leyti**. |

# 1. Íslenska

Viðmið um hæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í íslensku | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Talað mál, hlustun og áhorf:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega. | | x | |
| | • gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas. | x | x | |
| | • nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu og tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti. | x | x | |
| | • hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar. | | x | |
| | • nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. | | x | |
| | • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. | | x | x |
| *Lestur og bókmenntir:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. | | x | x |
| | • skilið mikilvægi þess að geta lesið, | | | x |
| | • og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur. | | x | |
| | • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og lesið sér til ánægju og fróðleiks. | x | x | x |
| | • lesið bókmenntir frá ýmsum tímum og rætt um innihald þeirra við aðra. Gert sér grein fyrir eðli og einkennum textategunda. | | x | |
| | • lesið og túlkað fjölbreyttar bókmenntir og þekki ýmis hugtök þeim tengd. | x | x | |
| | • beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | sem minni, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál. | x | x | |
| | • notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. | x | x | |
| | • leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum. | | x | x |
| | • valið sér lesefni til gagns og ánægju. | | x | x |
| *Ritun:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn. | | x | |
| | • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. | x | x | |
| | • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti. | x | x | x |
| | • beitt reglum um stafsetningu og greinamerkjasetningu. | x | x | |
| | • valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki. | x | x | x |
| | • notað helstu aðgerðir við ritvinnslu og vísað til heimilda. | x | x | |
| | • skrifað rafrænan texta með ákveðinn lesanda í huga. | x | x | x |
| *Málfræði:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • haft nokkurn skilning á grunnmálfræðihugtökum. | x | x | |
| | • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið og beitt helstu reglum um málfar við ritun. | x | x | |
| | • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna. | x | x | |
| | • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka. | x | | x |
| | • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd | x | x | x |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | til að auðga mál sitt.<br><br>• áttað sig á mun á talmáli og ritmáli.<br><br>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli. | x<br><br>x | x<br><br>x | |

## 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 0,5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Nemendur þjálfast í að taka þátt í samræðum og komast að niðurstöðu. Stefnt er að því að nemendur geti tjáð sig frammi fyrir skólafélögum t.d. með kynningu á hópverkefnum. Þeir geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr daglegu lífi og lesið upphátt sögur og ljóð með áheyrilegum framburði.
Nemendur þjálfast í að hlusta á flókin fyrirmæli og fara eftir þeim. Þeir geti hlustað af þolinmæði og geti gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir umræðum.
Nemendur geti skilið almennan fréttatexta í fjölmiðlum og geti nýtt sér fræðsluefni.

## 1.2. Lestur og bókmenntir
Tímafjöldi: 2 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*
Meginviðfangsefnin í námsgreininni er
- Bókmenntir
- Ljóð

***Myndmál:***
- Líkingar, bein mynd, túlkun o.fl.

Bókmenntir frá ýmsum tímum.

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið er
- Laxdæla
- Kveikjur
- Smásagnasmáræði
- Garðurinn
- Ýmis fjölrit; bragfræði, lesskilningur.
- Yndislestur

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- Innlögn frá kennara
- Hópvinna
- Einstaklingsvinna nemenda
- Heimavinna
- Fjölbreytt skilaverkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Aðlagað námsefni í báðar áttir m.a. í samvinnu við sérkennara
- Valin verkefni

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:
- Nemandi þarf að geta beitt þekkingu sinni í sjálfstæðri vinnu
- Nemandi geti unnið með öðrum
- Nemandi ber ábyrgð á vinnu sinni í tímum og heimavinnu

b. Námshæfni:

- Nemandi geti skilið og nýtt sér ýmis hugtök úr bókmenntum
- Nemandi geti skilað skriflegum ritgerðum
- Nemandi geti unnið með bókmenntir og verkefni þeim tengdum
- Nemandi geti tjáð sig í mæltu og rituðu máli og komið skoðunum sínum á framfæri á skýran hátt

## 1.3. Ritun

Tímafjöldi: 1,5 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur geti tjáð sig skriflega, rökstutt skoðanir sínar og skrifað fyrir ólika viðtakendur
- Nemendur geti nýtt sér fjölbreytilegt málfar og orðaforða íslensks máls

***ii. Námsefni:*** *Ýmis fjölrit*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Tímaritgerðir
- Heimaritgerðir
- Styttri ritanir um ýmis málefni
- Ferliritun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Mismunandi kröfur í ritun við hæfi hvers og eins

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Nemandi geti notað orðabækur.
- Nemandi kunni skil á málsgrein, efnisgrein, greinaskilum, upphafi, miðju, endi.
- Nemandi skrifi efni samkvæmt fyrirmælum
- Nemandi temji sér að nota gott málfar og nýti reglur stafsetningar og greinamerkja

b. Námshæfni:

- Nemendur vinni heimaverkefni og tímaverkefni sem metin eru til einkunna

## 1.4. Málfræði

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Málfræði:
- Orðflokkar:
- Fallorð: Nafnorð, lýsingarorð, fornöfn og töluorð og beygingar þeirra.
- Merkingarfræði:
- Markmið máls, samheiti, andheiti, orðtök, málshættir, líkingarorð, tilfinningaorð.

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Málið í mark (Fallorð)*
- *Kveikjur*
- *Ýmis fjölrit*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn frá kennara*
- *Hópvinna*
- *Einstaklingsvinna nemenda*
- *Heimavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Aðlagað námsefni í báðar áttir m.a. í samvinnu við sérkennara
- Valin verkefni

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Nemandi geti beitt þekkingu sinni í sjálfstæðri vinnu
- Nemandi geti unnið með öðrum
- Nemandi beri ábyrgð á vinnu sinni í tímum og heimavinnu
- Nemandi geti nýtt sér reglur málfræðinnar í ræðu og riti

b. Námshæfni:

- Nemandi geti tekið skrifleg próf

- Nemandi geti skilið og nýtt sér málfræðireglur

# 2. Erlend tungumál

Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Hlustun:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf. | | x | |
| | • skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. | | x | |
| | • fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. | | x | |
| | • hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar að þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum. | x | x | |
| *Lesskilningur:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða. | x | x | |
| | • Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. | | x | |
| | • fundið lykilupplýsingar í texta. | | x | |
| | • lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki. | | x | x |
| *Samskipti:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel. | x | x | |
| | • tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. | x | x | x |
| | • bjargað sér við algengar aðstæður | x | x | x |
| | • nýtt sér málið í samskiptum í daglegu lífi, t.d. í kennslustundum, tekið og veitt viðtöl o.s.frv. | x | x | x |
| *Frásögn:* | *Við lok árgangs geti nemand;* | | | |
| | • að nemandi geti tjáð sig um daglegt líf. | x | x | |
| | • geti sagt hnökralítið frá efni sem hann þekkir vel, framtíðaráform og skoðunum. | x | x | |
| | • að nemandi geti flutt og undirbúið kynningu á tilbúnu eða frumsömdu efni. | | x | x |

## 2.1. Enska

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í ensku | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Hlustun:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með athöfnum eða orðum | | x | |
| | • fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt | | x | |
| | • hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar að þörf krefur og sýnt fram á skilning | | x | |
| *Lesskilningur:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • lesið sér til gagns auðlesna texta af ýmsum gerðum sem innihalda algengan orðaforða. | x | x | |
| | • Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. | | x | |
| | • fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu | | x | |
| | • lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og sýnt fram á skilning á efni þeirra | | x | x |
| *Samskipti:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel með eðlilegum framburði og áherslu á | x | x | |
| | lykilorðaforða | x | x | x |
| | • tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. | x | x | x |
| | • bjargað sér við algengar aðstæður | | | |
| | • nýtt sér málið í samskiptum í daglegu lífi, t.d. í kennslustundum, tekið og veitt viðtöl o.s.frv. | x | x | x |
| *Frásögn:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • að nemandi geti tjáð sig um daglegt líf | x | x | |
| | • geti sagt hnökralítið frá efni sem hann þekkir vel | x | x | |
| | • að nemandi geti flutt og undirbúið kynningu á tilbúnu eða frumsömdu efni. | | x | x |
| *Ritun:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • skrifað samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á | x | x | |
| | • sýnt fram á nokkuð góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar | x | x | |
| | • Lýst á einföldu máli það sem næst honum er; fjölskyldu, | x | x | |
| | áhugamálum, vinum og umhverfi | x | x | |
| | • Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | persónulega eða námsefninu, tengt saman einfaldar setningar og stafsett flest algengustu orðin | | | |
| *Menningarlæsi:* | *Við lok árgangs geti nemandi;*<br>● Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins | | | |
| *Námshæfni:* | *Við lok árgangs geti nemandi;*<br>● Tekið þátt í hóp og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja<br>● Nýtt sér algengustu hjálpartæki ss. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn og leitarvélar<br>● Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu | | | |

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestur*
- *Ritun*
- *Málnotkun*
- *Hlustun*
- *Talmál*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Spotlight 8 lesbók*
- *Spotlight 8 vinnubók*
- *Christmas Carol léttlestrabók*
- *Forrest Gump léttlestrabók*
- *Stories smásöguhefti*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Innlögn*
- *Umræður*
- *Hópavinna*
- *Heimavinna*
- *Vinnubókavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Möguleiki á að fá léttari léttlestrabækur*

- *Málfræði A,B,C fyrir nemendur sem þurfa betri grunn*
- Nemendur sem eru getumiklir geta fengið að taka námsefni næsta árs samhliða sínu námi.
- Auka ítarefni fyrir getumeiri nemendur

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Ástundun í tíma metin*
- *Að nemandi geti nýtt þekkingu sína við ýmis verkefni*
- *Að nemandi geti unnið sjálfstætt*
- *Að nemandi getur unnið með öðrum*
- *Að nemandi beri ábyrgð á heimanámi sínu*

b. Námshæfni:

- *Skrifleg próf*
- *Munnleg próf*
- *Hlustunarpróf*
- *Hópverkefni*
- *Fyrirlestrar*
- *Kynningar*
- *Ritanir*

## 2.2. Danska

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

| ***Efnisþættir:*** | ***Viðmið um námshæfni í dönsku*** | ***Þ*** | ***L*** | ***V*** |
|---|---|---|---|---|
| ***Hlustun:*** | ***Við lok árgangs geti nemandi;*** | | | |
| | • skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt dag-legu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti | ***X*** | ***X*** | |
| | • fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt | ***X*** | ***X*** | |
| | • hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum | ***X*** | ***X*** | ***X*** |
| ***Lesskilningur:*** | ***Við lok árgangs geti nemandi;*** | | | |
| | • lesið sér til gagns auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða | ***X*** | ***X*** | |
| | • skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra | ***X*** | ***X*** | |
| | • fundið lykilupplýsingar í texta | ***X*** | ***X*** | |
| | • lesið sér til gagn auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki | ***X*** | ***X*** | |
| ***Samskipti*** | ***Við lok árgangs geti nemandi;*** | | | |
| | • nýtt sé málið í samskiptum í kennslustundum | | ***X*** | ***X*** |
| ***Frásögn:*** | ***Við lok árgangs geti nemandi;*** | | | |
| | • tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu. | ***X*** | ***X*** | ***X*** |
| | • flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi. | ***X*** | ***X*** | ***X*** |
| ***Ritun:*** | Við lok árgangs geti nemandi; | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • skrifað stuttan texta um efni sem hann þekkir | X | X | |

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur
- Ritun
- Hlustun
- Talmál
- Málnotkun

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

*Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:*

- *Tak lesbók og vinnubók A og B*
- *Hlustunarefni*
- *Ritunarverkefni*
- *Kvikmyndir*
- *Léttlestrarbækur*
- *Efni af vefnum*
- *Ýmis forrit til tungumálakennslu*

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn og kynning sem kennari sér um.
- Lestur námsefnis
- Lestur námsefnis
- Vinnubókarvinna
- Myndbönd
- Umræður, para- og hópavinna
- Sköpun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur með lestraörðuleika fá stuðning.
- Lögð eru fyrir skapandi verkefni við hæfi hvers og eins.

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

- Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

**a. Lykilhæfni:**

- Frammistaða og þátttaka í tímum metin.
- Munnlegar og skriflegar umsagnir.

**b. Námshæfni:**

Mat lagt á:

- munnleg, verkleg og skrifleg verkefni nemenda.
- Vinnusemi í tímum.
- Verkefnaskil
- Þátttaka í umræðum.
- Samvinnu, hópavinnu.

# 3. List- og verkgreinar

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Tónmennt* | *Við lok 8.bekkjar á nemandi að geta:* | | | |
| | • *Notað hljóðfæri við hæfi í tónsköpun og hlustun.* | x | x | |
| | • *Tekið þátt í tónsköpun, t.d. kórsöng eða samspili.* | x | | |
| *Myndmennt og listir sköpun:* | *Við lok 8. bekkjar á nemandi að geta;* | x | | |
| | • Rannsakað og greint hlutföll í teikningum. | x | | x |
| | • Þekkt ýmsa stíla í myndlist og hönnun t.d kúbisma, abstrakt og popplist | x | | x |
| | | | | x |
| | • notað blandaða tækni í verkefnavinnu | | | x |
| | • tileinkað sér vönduð vinnubrögð og frágang, virðingu fyrir efnum og áhöldum | | | |
| | • þekkt ólíkar myndlistastefnur í myndlist og hönnun | | | |
| | • tileinkað sér góða umgengni | | | |
| | • unnið með myndbyggingu | | | |
| | • verið sjálfstæð í vinnubrögðum | | | |
| *Heimilisfræði:* | *Við lok 8. bekkjar á nemandi að get;* | | | |
| | • farið eftir uppskriftum og skilið mikilvægi þess að lesa þær vel yfir áður en byrjað er | x | | x |
| | • tamið sér skipulögð vinnubrögð og góðan frágang | | | |
| | • Séð mikilvægi samvinnu, jafnt á heimili sem í skóla | x | x | x |
| | • Þekkt helstu hreinlætiskröfur og sýnt hreinlæti í verki | | | x |
| | • Kunna alla fæðuflokkana og gildi þes að setja saman máltíðir eftir þeim | x<br>x | x | x<br>x |
| *Hönnun og smíði.* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | • geti útfært eiginn hugmyndir og unnið eftir þeim | x | x | x |
| | • geti gert sér grein fyrir og kunni skil á öllum öryggisþáttum í smíðastofunni | x | | x |
| | • geti tileinkað sér vönduð vinnubrögð og virðingu fyrir efnum og áhöldum | x | x | x |
| | • geti tileinkað sér góða umgengni | | | x |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Textílmennt* | Við lok árgangs geti nemandinn;<br>• Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formum textílafurða<br>• Unnið með snið og uppskriftir, áætlað stærðir og efnisþöf<br>• Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu<br>• Lagt mat á eigin vinnubrögð<br>• Fjallað um helstu tákn og merkingar vefjaefna | *x*<br>*x*<br>*x*<br>*x*<br>*x*<br>*x* | *x*<br>*x*<br>*x*<br>*x*<br>*x* | |

## A. hluti - listgreinar:

### 3.1. Myndmennt / Listir og sköpun

Tímafjöldi: 2 x 80 mín á viku í ca. 6 vikur.

**_i. Viðfangsefni í náminu_**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hugmyndavinna*
- *Litafræði*
- *Formfræði*
- *Mótun*
- *Listasaga*

**_ii. Námsgögn og kennsluefni_**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ýmsar myndlistabækur og efni af netinu.*

**_iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun_**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn og kynning*
- *Sýnikennsla*
- *Jafningjafræðsla*
- *Fyrirlestur*
- *Myndbönd*
- *Umræður*
- *Tilraunir*
- *Uppgötvunarnám*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sýnikennsla*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum er metin*
- *Munnlegar og skriflegar umsagnir*

b. Námshæfni:

- *Myndræn verkefni metin*
- *Vinnusemi*
- *Verklagni*
- *Hugmyndavinna*
- *Vinnuferlið*
- *Samvinna*
- *Virkni í umræðum*

## 3.2. tónmennt

Tímafjöldi: 80 mín á viku í ca 6 vikur

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

i. *Samsöngur og samspil.*
ii. *Ólíkar stíltegundir í tónlist.*
iii. *Rafræn tónlistarsköpun t.d. með GarageBand*
iv. *Grunnþættir í tónfræði.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Valið námsefni frá kennara.*
- *Þau hljóðfæri sem eru til staðar í kennslustofunni.*
- *Spjaldtölvur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hópkennsla*
- *Einstaklingskennsla*
- *Sýnikennsla*
- *Uppgötvunarnám*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sýnikennsla*
- *Sjónrænar/Myndrænar útskýringar*

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Lykilhæfni: Frammistaða í tímum metin. Námshæfni: Virkni í tímum metin.

## B. hluti - verkgreinar:

### 3.3. Heimilisfræði

Tímafjöldi: 2 x 80 mín á viku í ca. 6 vikur.

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Kennsla í verklegri heimilisfræði.*
- *Læra að þrífa bakaraofna.*
- *Geta unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og kunna skil á mismunandi mælitækjum.*
- *Skilja nauðsyn hreinlætis við matargerð.*
- *Skilja nauðsyn heilbrigðra lífshátta og tengsl þeirra við heilsufar.*

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Heimilisfræðistofan.*
- *Innlögn.*
- *Sýnikennsla.*
- *Ljósrituð verkefni.*

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Námið fer fram í heimilisfræðistofunni.*

- *Innlögn og kynning.*
- *Fyrirlestur.*
- *Umræður.*
- *Sýnikennsla.*
- *Jafningjafræðsla.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Mismunandi eldunar- og baktursaðferðir.*
- *Sýnikennsla.*
- *Jafningjafræðsla.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum er metin.*
- *Skriflegar umsagnir.*

b. Námshæfni:

- *Verklagni.*
- *Vinnusemi.*
- *Samvinna.*
- *Hreinlæti og snyrtimennska.*

## 3.4. Hönnun og smíði

Tímafjöldi: 2 x 80 mín á viku í ca. 6 vikur.

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í Hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandi sé virkur í hönnun og uppbyggingu. Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun og sjálfbærni sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki og stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir handverki og þjálfa iðjusemi og verkfærni.

Nemendur kynnast ólíkum aðferðum og verkfærum við stimplagerð. Gerðar verða tilraunir með mismunandi efni og verkfæri þar sem ferlið er viðfangsefnið og útkoman ekki fyrirfram þekkt. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á að hægt er að útbúa stimpla úr einföldu efni sem auðvelt er að nálgast.

Tímafjöldi: 2 x 80 mín. kennslustundir á viku, 10 skipti, ein lota yfir veturinn

**Hæfniviðmið í 8 bekk.**

- Valið og notað á réttan og ábyrgan hátt efniðvið, helstu verkfæri og mælitæki.
- Getur hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Getur útskýrt hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu í réttum hlutföllum.
- Getur greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína s.s. í efnisvali.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur læra undirstöðuaðtriði tálgunar, tálga greinar eða fígúrur.*
- *Nemendur prufa að mismuanndi efni til stimplagerðar.*
- *Nemendur teikna, hanna og útbúa eigin stimpla.*
- *Nemendur prenta með stimplunum t.d. gjafakort, myndir og mynstur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkfæri og efnisveita smíðastofunnar*
- *Innlögn og kveikjur, veraldarvefurinn, vettvangsferð*
- *Verkefnamöppur, skapalón og sýnishorn smíðastofunnar*

***i. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skólanum:

- *Námið fer að mestu fram í smíðastofunni*
- *Námið fer fram með fyrirlestri/innlögn og kveikjum*
- *Sýnikennsla*
- *Hugmynda og skissuvinna*
- *Eftirfylgni og leiðbeining*

Í náminu er eftirfarandi kennsluaðferðum beitt til að styðja við nemendur svo þeir megi læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Kenna nemendum ferli hönnunar þar sem hugmynd verður að lokaafurð.*
- *Kenna nemendum að nýta sér teikningar við hönnun sína og skipulegga vinnuferli.*
- *Kenna nemendum áfram að nota ýmis handverkfæri s.s. tálgunarhnífa, raspa, og útskurðarjárn.*
- *Kenna nemendum áfram að nota einfaldar vélar s.s. borvélar, tifsagir og brennipenna.*
- *Kenna nemendum að nýta viðeigandi efnivið og yfirborðsmeðferðir.*
- *Kenna nemendum umhverfis- og sjálfbærnivitund.*
- *Halda áfram að kynna mikilvægi góðrar umgengni og fara yfir hættur á smíðastofunni.*
- *Viðhalda þekkingu nemenda á hugtakinu vinnuvernd og mikilvægi persónuhlífa.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni byggjast á hæfniviðmiðum fyrir 8. bekk og eru eftirfarandi:

- *Námsmat fer fram með símati kennara.*
- *Þættir sem metnir eru: Nemandi getur valið og notað á réttan og ábyrgan hátt efniðvið, helstu verkfæri og mælitæki. Getur hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu. Getur útskýrt hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu í réttum hlutföllum. Getur greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína s.s. í efnisvali.*
- *Námsmat er skráð í mentor.*

Lykilhæfni sem stefnt er að við lok 10. bekkjar:

- *Spyr rannsakandi spurninga, skipuleggur vinnu sína og endurskoðar ferli við efnistök og úrvinnslu.*
- *Er óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og sér í þeim nýja möguleika.*
- *Tekur framkvæði, er sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.*
- *Tekur leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi setur eigin gagnrýni fram á uppbyggilegan hátt.*
- *Notar sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun, og framsetningu hugmynda og upplýsinga.*

Námshæfni sem stefnt er að við lok 10. bekkjar:

- *Nýtir sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi*
- *Vinnur sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekur tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja*

## 3.5. Textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):
Tímafjöldi: 2 x 80 mín á viku

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hugmyndavinna*
- *Endurnýting*
- *Velja sér verkefni*

- *Saumavélaverkefni*
- *Taka upp snið*
- *Sauma í saumavél.*
- *Frjáls verkefni*
- *Kunna skil á helstu táknum og merkingum vefjaefna*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Bækur og blöð sem tengjast greininni.*
- *Vefsíður*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn og kynning*
- *Sýnikennsla á saumavél*
- *Einstaklingskennsla*
- *Kennsla á verklagi*
- *Kenna nemendum að raungera hugmyndir sínar*
- *Þróa eigin útfærslur*

